

## 247. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 25. september 2006.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 9:00.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Jóna Jónsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs  
Kristján Kristjánsson prófessor kennaradeild  
Pétur Dam Leifsson lektor félagsvísinda- og lagadeild

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð 246. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### 2. Rekstraryfirlit janúar–ágúst 2006

Ólafur gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar - ágúst. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 652,48 m.kr. (67,02% af áætlun ársins) þar af 379,90 m.kr. vegna kennsludeilda.

### 3. Stefnumótun – mælikvarðar, viðmið, meginaðgerðir

Jóna Jónsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála í tengslum við stefnumótun HA 2007–2010. Drög að markmiðum, mælivörðum og viðmiðum voru lögð fram og unnin áfram. Drögin voru samþykkt og næst verða þau kynnt deildum og sviðum sem skilgreina hvernig nálgast skuli þau markmið sem sett eru fram.

### 4. Reglur fyrir HA, drög

Pétur D. Leifsson kynnti drög að nýjum reglum fyrir HA en vegna stjórnkerfisbreytinga í háskólanum og breytinga á lögum um háskóla var þörf á að endurskoða reglurnar. Ákveðið var að fulltrúar í háskólaráði sendi inn athugasemdir fyrir 2. október sem rektor og Pétur yfirfari og drögin verði síðan send deildum, FSHA og háskólaskrifstofu til umsagnar.

### 5. Reglur fyrir framkvæmdastjórn

Á síðasta fundi háskólaráðs voru lögð fram drög að reglum fyrir framkvæmdastjórn. Fulltrúar háskólaráðs sendu Ólafi Halldórssyni athugasemdir sínar eftir fundinn og hefur verið tekið tillit til þeirra í þeim drögum sem nú eru lögð fram. Háskólaráð samþykkti reglurnar.

### 6. Dómnefndarálit

Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar HA kynnti dómnefndarálit um hæfi Guðrúnar Öldu Harðardóttur til að gegna stöðu dósents og Kjartans Ólafssonar til að gegna stöðu lektors við háskólann. Háskólaráð samþykkti dómnefndarálitin.

### 7. 20 ára afmæli HA

Þann 5. september 2007 verða 20 ár liðin frá því háskólinn tók til starfa. Rektor lagði til að skipað yrði afmælisnefnd og óskaði eftir að fulltrúar kennara og nemenda sendi tilnefningar í nefndina til ritara rektors í síðasta lagi viku fyrir næsta fund. Það var samþykkt.

### 8. Önnur mál

8.1 Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að Hermann Óskarsson yrði skipaður fulltrúi háskólaráðs í Góðvinum HA.

HE  
HSB

8.2 Hjálmar Stefán spurðist fyrir um hvenær væri áætlað að gera lagfæringar á bílplani háskólans. Ólafur sagði að það væri verið að kanna leiðir í því sambandi og gert yrði ráð fyrir þeim kostnaði í rekstraráætlun 2007.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:55

Fringi Rúnar Einarsson  
Fringi og Ólafur  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson